



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 577

Guðný Jónsdóttir

(1915-1996)

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is/borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 577

Guðný Jónsdóttir

Kjólameistari

Guðný Jónsdóttir fæddist í Hólmum í Vopnafirði 16. desember 1915. Foreldrar hennar voru þau Elísabet Kristjánsdóttir (1892-1979) ættuð frá Vopnafirði og Jón Sigurjónsson (1888-1936) af Barkarætt, aðfluttur til Vopnafjarðar úr Eyjafjarðarsveit. Þau áttu fjögur börn: Óskar (1910-1962), Sigurjón (1912-), Guðna Þórarinn, (1914-1982) og Guðnýju.

Fyrstu æviár Guðnýjar bjó fjölskyldan á Vopnafirði, en þegar Guðný var átta eða níu ára fluttust þau til Norðfjarðar og bjuggu í húsinu Brennu. Þegar Guðný var 16 ára fluttist fjölskyldan til Reykjavíkur, þar sem móðir hennar starfaði lengst af við afgreiðslustörf á veitingahúsum, en faðir hennar sem hafði aðallega unnið við sjómennsku fyrir austan vann við ýmis störf. Fjölskyldan bjó fyrst á Laugavegi en síðar fluttu þau í hús á horni Laugavegar og Barónsstígs.

Stuttu eftir að Guðný flutti til Reykjavíkur gekk hún í fimleikadeild Ármanns og æfði þar fimleika undir stjórn Jóns Þorsteinssonar. Hópurinn fór í sýningarferðir innanlands, árið 1938 fór hópurinn í sýningarferð til Noregs og 1939 til Stokkhólms. Í Reykjavík lærði Guðný kjólasaum og rétt fyrir stríð fór hún til Kaupmannahafnar til að fullnuma sig í iðninni og dvaldi þar veturinn 1939-1940. Hún var í Kaupmannahöfn þegar Þjóðverjar hernámu Danmörku og hálfu ári seinna var hún í hópi Íslendinga sem fóru til Íslands í gegnum Svíþjóð og Finnland til Petsamo þar sem strandferðaskipið Esjan beið þeirra. Eftir að Guðný kom heim frá Danmörku starfaði hún sjálfstætt sem kjólameistari. Um tíma rak hún eigin saumastofu og var með konur í vinnu.

Dóttir Guðnýjar er Edda Sigurbjörg Sigurðardóttir fædd 12. júní 1942. Faðir hennar var Sigurður Norðdahl (1914-1972). Guðný hóf búskap, 1945, með Kristjáni Elíassyni fæddum 6. ágúst 1911, frá Elliða í Staðarsveit á Snæfellsnesi. Kristján starfaði um árabíl sem skreiðarmatsstjóri. Guðný og Kristján hófu búskap sinn á Seltjarnarnesi í húsi sem þau nefndu Elliða. Þau festu kaup á jörðinni Elliða í Staðarsveit 1958 og reistu þar sumarbústað. Sama ár og Guðný og Kristján festu kaup á jörðinni fluttu þau heimili sitt að Kleppsvegi 6 og voru þau ein af frumbyggjunum í því húsi. Þau bjuggu á Kleppsveginum uns Kristján lést 12. desember 1988. Árið 1992 keypti Guðný íbúð í nýju fjölbýlishúsi við Snorrabraut. Hún var fljót að koma sér fyrir á nýja staðnum og kom sér strax upp aðstöðu til að sauma og hélt því áfram að starfa fram á síðustu stundu. Guðný Jónsdóttir andaðist 24. desember 1996.

(Heimild: *Morgunblaðið* 3. janúar 1997, bls. 52-53 og *Morgunblaðið* 4. janúar 1997 bls. 38. Minningagreinarnar eru settar aftast í örkina). Sjá einnig skjalasafn nr. 576 Kristján Elíasson.

Afhending: Guðný Norðdahl Einarsdóttir 18. nóvember 2015. Guðný kom með viðbót við safnið 2018.

Innihald: Fermingarvottorð Guðnýjar og bréf, skjöl vegna húsakaupa og bókhald.

Tímabil: 1911-1997.

Magn: 2 öskjur.

Skjalaskrá

Askja 1

Bréfa- og málasafn 1939.

Örk 1

Fermingarvottorð Guðnýjar Jónsdóttur, dagsett 10. júlí 1939.

Bréf Guðnýjar Jónsdóttur til Elísabetar Kristjánsdóttur móður hennar, 31. júlí 1939.

Bréf Guðnýjar Jónsdóttur til Elísabetar Kristjánsdóttur móður hennar, 28. ágúst 1939.

Bréf Guðnýjar Jónsdóttur til Elísabetar Kristjánsdóttur móður hennar, 18. september 1939.

Bréf Guðnýjar Jónsdóttur til Elísabetar Kristjánsdóttur móður hennar, 9. október 1939.

Bréf Guðnýjar Jónsdóttur til Elísabetar Kristjánsdóttur móður hennar, 4. nóvember 1939.

Bréf Guðnýjar Jónsdóttur til Elísabetar Kristjánsdóttur móður hennar, 4. desember 1939.

Skráð í desember 2015
Gréta Björg Sörensdóttir

Viðbót við safn.

Askja 2

Bréfa- og málasafn, bókhald 1911-1997.

Örk 1

Útvegsbanki Íslands. Tryggingarbréf, veðsett eign Sæból í Seltjarnarneshreppi, 19. október 1945.

Byggingarsamvinnufélag prentara. Veðskuldabréf, veðsett eign Kleppsvegur 6, 10. október 1960, 12. október 1960, 2. nóvember 1958 og 15. janúar 1960.

Reykjavíkurborg. Veðbókarvottorð og 3 afrit, 7. september 1970.

Tryggingarstofnun Ríkisins. Skuldabréf og reikningur, 7. október 1970.

Yfirlýsing til þinglýsingar, 25. maí 1976.

Umslag

Á það er ritað: Dómur í Elliðamáli.

Dómsskjal vegna bæjarþingsmálsins Kristján Elíasson gegn Bæjarsjóði Seltjarnarness og afrit af greiðslum, 1987-1988, mest afrit.

Örk 2

Kaupsamningar, húsbréf, veðskuldabréf, vottorð, kaup og sala, afsöl, afborganir, o.fl. vegna Snorrabrautar 56, Kleppsvegur 6 og Bollagarða 95, 1990-1995.

Bókhald

Tryggingarstofnun, sparisjóðsbækur, álagningar og innheimtuseðlar, símareikningar, fasteignamat, gjaldheimtan, hússjóður, rafmagn, reikningsyfirlit o.fl., 1991-1997.

Viðbót við safn

Lögreglustjórinn í Reykjavík. Meistarabréf Guðnýjar Jónsdóttur í kjólasaumi og réttur til að taka nemendur til kennslu, 5. október 1945.

Mappa

Póstkort. Afmælis- og jólakort, 1911-1934 og reikningur frá Jenners, 1955.

Skráð í nóvember 2018
Gréta Björg Sörensdóttir